

26. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði, 09.07 2019, kl. 13:00

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson. Undir 1. lið mættu Sveinn Sveinsson og Magnús Jóhannsson frá Vegagerðinni, ásamt landeigendunum, Önnu Byrndísi Tryggvadóttur, Hallgrími Þórhallssyni, Þorsteinni Péturssyni, Eyjólf Ingvasyni og Guðmundi Péturssyni.

Oddviti óskaði eftir að bæta við 11. Dagskrárlið, fundargerð samfélagsnefndar frá 5.7.2019.Samþykkt.

Dagskrá

1. **Veggirðingar**, fulltrúar Vegagerðar og Skógræktar mæta.
2. **Héraðsskjalasafn Austurlands** Bára Stefánsdóttir forstöðumaður mætir á fundinn.
3. **Skýrsla oddvita**
4. **Samningur um eftirlit UST með framkvæmdum Landsnets, við Kröflulínu 3.**
5. **Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði**
6. **Búfjársamþykktir sveitarfélaga**
7. **Byggingargátt Mannvirkjastofnunar, aðgangur sveitarfélaga**
8. **Bréf**
 - a) AFL Starfsgreinafélag , dags. 02.07 2019
 - b) Fljótsdalshérað , breyting á aðalskipulagi , tölvupóstur dags. 24.06 2019
 - c) Skógræktin , júní 2019
9. **Fjárbeiðnir**

Reynir E. Kjerúlf, f.h. eigenda Vallholts
10. **Umhverfisstyrkir**

Lárus og Sigríður , Droplaugarstöðum
11. **Fundargerðir**
 - a) Brunavarnir á Héraði, 11.06 2019
 - b) HAUST, 25.06 2019
 - c) Byggingar-og skipulagsnefnd , 21.06 2019
 - d) Hengifosshópur 12.06 2019
 - e) Samfélagsnefnd 27.05 2019 og 05.07 2019

f) SvAust 08.05 2019

12. Önnur mál

1. Veggirðingar.

Fulltrúar Vegagerðarinnar skýrðu aðkomu stofnunarinnar að girðingum með vegum. Þeir fundarmenn sem tjáðu sig, voru sammála um að æskilegt væri að friða vegsvæði fyrir búfé.

Varðandi greiðslubátttöku Vegagerðarinnar í viðhaldi veggirðinga þurfa landeigendur/ábúendur að hafa í huga ákvæði reglugerðar meðfram vegum en það segir meðal annars í 2. grein: „Viðhaldskostnaður meðfram stofn- og tengivegum greiðist að jöfnu af Vegagerðinni og landeiganda í samræmi við ákvæði viðkomandi greinar. Innan mánaðar frá því að landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofn- og tengivegum skal hann tilkynna það til sveitarstjórnar og viðkomandi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og óska eftir greiðslu á kostnaðarhlutdeild veghaldara“.

Ákveðið að setjast yfir málið og byrja á að fá yfirlit (gögn frá Vegagerðinni og Skógræktinni) yfir girðingar í Fljótsdal sem teljast vera veggirðingar í sveitarfélaginu og í framhaldinu vinna í samstarfi við landeigendur, Vegagerðina og Skógræktina að framgangi mála.

Fulltrúar Vegagerðarinnar yfirgáfu fundinn um kl. 14:15

2. Héraðsskjalasafn Austurlands

Bára Stefánsdóttir forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins kynnti áðursend gögn þ.e. : Stjórnarfundargerð 03.06 2019, fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins 2020 og greinargerð með fjárhagsáætlun. Rekstrarframlög 2020 og dæmi um úthlutun rekstrarframlaga ríkisins til Héraðsskjalasafna.

Eftir umræður og að fyrirspurnum hafði verið svarað yfirgaf Bára fundinn (kl. 15:45)

Í fjárhagsáætlun og tengdum gögnum er óskað eftir að aðildarsveitarfélög Héraðsskjalasafnsins auki framlög þannig að unnt verði að bæta við einum starfsmanni í heilsársstarf. Ef starfsmönnum safnsins sem nú eru 2,5 verður fjölgað upp í 3, mun ríkisframlag hækka. Miðað við framlagða fjárhagsáætlun, þar sem gert er ráð fyrir að fjölga starfsmönnum um 1, verða framlög Fljótsdalshrepps árið 2020 863.560 kr. Samþykkt að hálfu Fljótsdalshrepps.

3. Skýrsla oddvita

Oddviti var í orlofi 24. júní til 1. júlí og færðist því reglubundinn sveitarstjórnarfundur aftur um eina viku. Varaoddviti annaðist afleysingu.

Þjóðskrá Íslands hefur gefið út fasteignamat 2020, skv. því sem þar kemur fram hækkar fasteignamat í Fljótsdalshreppi um 6,9 %.

Lokið hefur verið við að mála gistihús við Végarð. Timburverk málað í Laugarfellsskála, ný útihurð sett upp og lagfærð sölulúga. Hrunið hefur úr hlöðnum vegg við skálann og kaldavatnsdæla verið með leiðindi.

Gömul steypuhrærvél í eigu hreppsins er nú staðsett í malarkrúsinni, vélin er biluð og slitin og þarf að taka ákvörðun um framtíð hennar. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að Hörður Guðmundsson fá vélina, telji hann sig geta haft af henni einhver not, ella verði vélinni fargað.*

Framkvæmdir við slóðagerð og undirstöður Kröflulínu 3 eru hafnar í Fljótsdal.

Vettvangsferð var farin að Hengifossi 24. júní, til að skoða ástand stígsins og ræða útbætur. Efsti hluti stígsins er enn lokaður.

Oddviti hefur ritað undir umboð til Lex lögmannsstofu varðandi innheimtu krafna sveitarfélagsins á hendur íslenska ríkinu (Jöfnunarsjóðsmál).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráð mál nr. 135/2019- Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, umsagnarfrestur til 13.08 og mál nr. 150/2019- Drög að reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð, umsagnarfrestur til 06.08. Málin er hægt að kynna sér á samráðgátt stjórnarráðsins.

Fljótsdalshreppi hefur borist lokaverkefni Berglindar Andrésdóttur til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum – Símaflokkun og flýtvakt hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöð HSA, Egilsstöðum. Verkefna- og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans styrktu verkefnið.

4. Samningur um eftirlit UST með framkvæmdum Landsnets, við Kröflulínu 3.

Oddvita falið að skrifa undir samninginn fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

5. Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði.

Sveitarstjórn samþykkir áframhaldandi aðild að samþykktinni og samþykktina sjálfa með þeim breytingum sem lagðar eru til í drögum og snúa aðallega að því að Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur hafa verið sameinuð.

6. Búfjarsamþykktir sveitarfélaga

Ákveðið að unnin verði búfjarsamþykkt fyrir Fljótsdalshrepp, þegar lokið hefur verið endurskoðun fjallskilasamþykktar á svæði SSA.

7. Byggingargátt Mannvirkjastofnunar, aðgangur sveitarfélaga

Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með að Fljótsdalshreppur sækji um aðgang að byggingargáttinni, sem er sveitarfélögum að kostnaðarlausu. Samþykkt af sveitarstjórn og oddvita falið um að sækja um aðgang.

8. Bréf

a) AFL Starfsgreinafélag, dags. 02.07 2019.

Varðar þá stöðu sem nú ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu. Kynnt.

- b) Fljótsdalshérað , breyting á aðalskipulagi , tillaga á vinnslustigi – Ferðapjónusta að Grund, Jökuldal, tölvupóstur dags. 24.06 2019.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

- c) Skógræktin , júní 2019. Varðar bindingu kolefnis og uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi til framtíðar, landsáætlun og landshlutaáætlanir í skógrækt. Fram kemur í bréfinu að Skógræktin muni á næstu misserum óska eftir fundi með sveitarfélögum. Kynnt.

9. Fjárbeiðnir

Reynir E. Kjerúlf, f.h. eigenda Vallholts. Samþykkt að færa umsóknina undir lið 10.

10. Umhverfisstyrkir

Vallholt. Sótt um umhverfisstyrk vegna vatnsframkvæmda. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus vék af fundi vegna vanhæfis

Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum. Sótt um styrk vegna framkvæmda við þaksskipta á íbúðarhúsi. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom aftur til fundar

11. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Héraði, 11.06 2019.Kynnt.

- b) HAUST, 25.06 2019.Kynnt.

- c) Byggingar-og skipulagsnefnd , 21.06 2019.

Liður 1. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á jörðinni Arnaldsstaðir, skv. framlögðum uppdráttum. Sveitarstjórn samþykkir útgáfu leyfisins.

Liður 2. Þ.S. verktar sækja um stöðuleyfi fyrir eldhússkúr við Fljótsdalshéiðarveg milli Sauðabanalækjanna utan við Bessastaðaá. Sótt er um stöðuleyfið vegna framkvæmda við Kröflulínu 3. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið stöðuleyfi. Sveitarstjórn samþykkir útgáfu leyfisins.

Aðrir liðir fundargerðarinnar kynntir og fundargerðin staðfest í heild.

- d) Hengifosshópur 12.06 2019. Kynnt.

- e) Samfélagsnefnd 27.05 2019 og 05.07 2019.

Fundargerð 27.5.2019, kynnt. Fundargerð 5.7.2019. Fjallað var um ráðningu á verkefnisstjóra á fundinum og eftirfarandi var bókað:

1. Tilvonandi verkefnisstjóri verður starfsmaður Austurbrú í 100% starfi. Austurbrú ræður í starfið í samstarfi við samfélagsnefndina og hýsir starfsmanninn. Það kallar á kostnað fyrir aðstöðu. Ráðið er í starfið til 2022.

2. Starfið verður auglýst á landsvísu.
3. Að starfið verði auglýst í næstu viku.
4. Ganga þarf frá samningi á milli Austurbúar og Fljótsdalshrepps.
5. Að tilvonandi verkefnisstjóri vinni áfram skýrslu Sigurborgar og forgangsraði verkefnum.

Samþykkt af sveitarstjórn að oddviti gangi til samninga við Austurbrú, ásamt formanni samfélagsnefndar. Þegar drög liggja fyrir að samningi verða þau lögð fyrir sveitarstjórn.

f) SvAust 08.05 2019. Kynnt.

12. Önnur mál

- a) Varðandi safnhólf á Þuríðarstöðum, upplýsti Jóhann fjallskilastjóri að það er komið samþykki fyrir því hjá ábúanda. Girðingin er um 1 km löng. Búið er að ráða verktaka og gert er ráð fyrir að hólfíð verði klárt fyrir fyrstu smalamennskur. Sveitarstjórn samþykkir að ráðist verði í girðingarframkvæmdina.
- b) Ábúandi á Sturluflöt hafði samband og gerði athugasemdir við hlið í réttaraðstöðu þar. Samþykkt að komið verði upp góðu hliði, í samráði við ábúanda.
- c) Hallormsstaðarskóli (Hússtjórnarskólinn) er að bæta við tækjakost skólans og vill sveitarstjórn sýna velvilja til skólans með því að Fljótsdalshreppur styðji við kaup á tækjum með styrkveitingu. Oddvita er falið að vera í sambandi við skólastýru um nánari útfærslu.
- d) Eiríkur ræddi um æfingaraðstöðu fyrir kirkjukórinn í Végarði. Ekki er neitt hljóðfæri þar og er sveitarstjórn sammála um að heppilegt hljóðfæri verði keypt.
- e) Stjórn SSA fyrirhugar að funda í Fljótsdal í ágúst og óskar eftir að fá þá kynningu á samfélagsverkefninu.
- f) Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með að Vatnajökulsþjóðgarður er kominn á heimsminjaskrá Unesco. Þetta er ánægjuleg staðfesting á merkri náttúru í sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:45.

Lárus ritaði fundargerði í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)